

<u>Starfsárið</u> <u>2019-2020</u>	Auka - stjórnarfundur Félags íslenskra náttúrufræðinga	Mánudagurinn 24. feb. 2020, kl. 12:00 -13:00 Borgartúni 6
---------------------------------------	---	---

Fundinn sátu: Ásdís Benediksdóttir, Bergrún Arna Óladóttir, Björg Helgadóttir, Einar Hjörleifsson, Friðþjófur Árnason, Guðrún Nína Petersen, Hafdís Sturlaugsdóttir í fundarappi, Haraldur Rafn Ingvason, Katrín Guðjónsdóttir í fundarappi, Lilja Grétarsdóttir, Maríanna H. Helgadóttir, Raket Júlía Sigursteinsdóttir, Stella Hrönn Jóhannsdóttir, Svava S. Steinarsdóttir, Sverrir Daníel Halldórsson, Torfi Geir Hilmarsson og Una Bjarnadóttir .

Fundarritari: Raket Júlía Sigursteinsdóttir

Kl. 12:00 Formaður FÍN setur fund og málsverður hefst.

Til afgreiðslu:

1. **Kl. 12:00** Skráning raunverulegra eiganda
2. **Kl. 12:10** Framboð til BHM
3. **Kl. 12:20** Húsfélag BHM – Aðalfundur Húsfélags BHM
4. **Kl. 12:50** Kjaraviðræður
5. **Kl. 12:55** Önnur mál

Áætluð fundarslit kl. 13:00

Formaður setti fund kl. 12:10

Til afgreiðslu:

1. **Skráning raunverulegra eigenda**
Gengið frá undirritun skjala vegna raunverulegra eigenda.
2. **Framboð til BHM**
Svava S. Steinarsdóttir býður sig fram í Framboðsnefnd BHM.
Maríanna H. Helgadóttir býður sig fram í Kjara- og réttindanefnd BHM.
Guðrún Nína Petersen býður sig fram í Starfsmenntunarsjóð BHM.
3. **Húsfélag BHM – Aðalfundur Húsfélags BHM**
Fundur verður í húsfélaginu og þar verður m.a. rætt um tillögu um framkvæmd mötuneytismála fyrir húsið. Mötuneytið yrði þá á 4.hæðinni. Ekki liggur fyrir frekari greining á kostnaði. Lagt til að fá frekari upplýsingar svo unnt verði að taka frekari ákvörðun, annars að svara nei við þessari tillögu.
4. **Kjaraviðræður**
Rætt um áhrif vaktahvata á félagsmenn VÍ.
5. **Önnur mál**
Umræða um verkföllin sem eru nú hjá Eflingu, og yfirvofandi verkfall hjá BSRB.

Fundi slitið 13:17